

Stjórnarfundur Neytendasamtakanna 12/11/2025

5. fundur stjórnar 2025-2026

Staður: Guðrúnartún 1

Mætt:

Auður Alfa Ólafsdóttir, Benjamín Julian, Breki Karlsson, Flóki Guðmundsson, Margrét Dóra Ragnarsdóttir, Salka Sól Styrmisdóttir, Sigurður Másson, Stefán Hrafn Jónsson, Virpi Jokinen og Þórarinn Stefánsson.

Guðmundur Gunnarsson kom inn á fundinn í dagskrárlið 3 og fór af fundi að honum loknum.

Fjarverandi:

Pálmey Helga Gísladóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir,

Gestir:

Brynhildur Pétursdóttir

Dagskrá fundar:

1. Setning fundar
2. Staða fjármála samtakanna
3. Úrsögn úr stjórn
4. Starfsemi samtakanna frá síðasta fundi
5. Næsti stjórnarfundur
6. Önnur mál
7. Fundargerð lesin upp til samþykktar
8. Fundarslit

1. Setning fundar

- Formaður setti fundinn klukkan 17:20.
- Breki Karlsson var kosinn fundarstjóri og Sigurður Másson fundarritari.

2. Staða fjármála

- Staða fjármála er nokkuð í jafnvægi og rekstur félagsins stendur á traustum grunni. Heimtur félagsgjalda eru í góðu jafnvægi miðað við fyrri ár og benda til áframhaldandi stöðugleika í starfseminni.

3. Úrsögn úr stjórn

- Guðmundur Gunnarsson kom inn á fundinn og tilkynnti að hann segði sig úr stjórn þar sem hann er nú orðinn starfsmaður ráðuneytis neytendamála.
- Fundarmenn þökkðu Guðmundi fyrir góð störf í þágu samtakanna og óskuðu honum velfarnaðar í nýju starfi.

4. Starfsemi samtakanna frá síðasta fundi

- Formaður lagði fram stutt yfirlit yfir helstu þætti starfseminnar frá síðasta fundi.
- Formaður lagði fram tvær tillögur:
 1. Formaður leggur til að útgáfa og kynning tryggingaskýrslunnar verði frestað til febrúar 2026 svo ekki falli í skuggann skýrslan, Vaxtamálið, eða hátíðar.
 2. Formaður leggur til að Neytendasamtökin haldi ráðstefnu um þýðingu dómsins í annarri viku 2026, þegar allir dómar liggja fyrir.
- **Tillögur formanns voru samþykktar samhljóða**
- Stefnt er að því að halda ráðstefnu í tengslum við vaxtamálið 7. janúar og að kynna tryggingaskýrsluna 17. febrúar.

5. Næsti stjórnarfundur

- Næstu stjórnarfundir hafa verið ákveðnir:
 - 05.12.2025 kl. 12:00
 - 14.01.2026 kl. 17:15

6. Önnur mál

- Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

7. Fundargerð lesin upp til samþykktar

- Fundargerðin var lesin upp og samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

8. Fundarslit

- Fundarslit kl. 18:22